

um rétt manna til kaupa á ítökum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, eggjatekju, fuglatekju, sölvafrjóru, mariukjarnafjóru og hvers konar annarra nytja í landi annarra jarða eða fyrir landi þeirra. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.

2. gr.

Rétt er eiganda jarðar, sem aðrir eiga ítak í eða fyrir, að kaupa það undir jörð sína eftir lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra skal, eftir að lög þessi hafa öðlazzt gildi, auglýsa þrívægis í Lögbertingablaðinu fyrir mæli til allra þeirra, er telja sig eiga einhvers konar ítök í eða fyrir landi jarða, sem aðrir eiga, að lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, innan þriggja ára frá síðustu auglýsingu. Ákvæði þessi ná þó eigi til skógaritaka (sbr. lög nr. 100 14. maí 1940).

4. gr.

Þegar ítökum er lýst samkvæmt 3. gr., skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hvernig þau hafi verið notuð síðustu áratugina og hvers virði þau séu talin nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrir eigi ítök í eða fyrir landi jarðarinnar, svo sem haldið er fram af þeim, er lýsir til ítaks eftir 3. gr., og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Nú ris ágreiningur um það, hvort um ítak er að ræða eða landareign, og skal þá fara eftir ákvæðum í þinglesnum landamerkjabréfum hlutaðeigandi jarða. Séu ákvæði, sem að þessu lúta, í landamerkjabréfum ósamhljóða eða óglögg og ekki til önnur þinglesin skilríki, svo sem skiptagerð, kaupsamningur eða afsalsbréf, er skýra vafaatriðin til fulls, skal fara með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Ítök, sem ekki er lýst á tilsettum tíma samkvæmt 3. gr., falla niður, nema ítaki sé lýst í þinglesnu landamerkjabréfi þeirrar jarðar, sem ítakið liggur í eða fyrir.

5. gr.

Nú er krafizt sölu á ítaki samkvæmt 2. gr., en eigandi, umboðsmaður hans eða ábúandi jarðar, er ítakið fylgir, mótmælir sölu þess á þeim grundvelli, að það skerði hagsmuni hans til búrekstrar, og er þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji nýtingu ítaksins mun meira hagsmunaatriði varðandi búrekstur þess aðila, sem æskir kaupanna.

Nú telja hinir dómkvöddu menn, að jörð sú, er ítakið liggur í eða fyrir, hafi einnig mikla þörf ítaksréttindanna, en jörð sú, er ítaksréttindin fylgja, megi án þeirra vera að nokkru leyti, og er þá rétt að skipta ítaksréttindunum milli jarðanna.

Skjóta má framangreindu mati til yfirmats þriggja dómkvaddra manna, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað. Kostnaður við undirnat greiðist af þeim aðila, er þess æskir, en við yfirmat af þeim, sem æskir þess, ef engin breyting verður á matinu honum í vil, en ella að hálfu af hvorum aðila.

6. gr.

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 3. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, sbr. þó 5. gr., hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina. Verði ekki samkomulag um kaupverð, skal ítakið metið á sama hátt og land, sem tekið er eignarnámi, sbr. lög nr. 61 14. nóv. 1917.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.